

„Námsmat fyrir alla“ í framkvæmd

Í lok fyrsta hluta verkefnis Evrópumíðstöðvarinnar um „Námsmat í skólum án aðgreiningar“ fóru fram umræður og síðan var gerð grein fyrir hugtakinu *námsmat fyrir alla* (inclusive assessment), sem og ýmsum tillögum um stefnu og starf þar að lútandi. Í öðrum hluta verkefnisins var stefnt að því að rannsaka nánar niðurstöður fyrsta hlutans með því að:

- Kanna hvernig námsmat fer fram í skólum almennt og hvernig það starf tengist fyrirkomulagi og stefnu innan tiltekinna svæða og á landsvísu;
- Varpa ljósi á hagnýtar tillögur um innleiðingu námsmats fyrir alla.

Verkefninu var þannig háttað að sérfræðingar á vegum þess tóku þátt í teymisvinnu með starfsfólki á fimm svokölluðum ferilsathugunarstöðum, þ.e. í skólahverfum eða -svæðum og stuðningsmiðstöðvum og skólum í samstarfi við þær, en ekki í einstökum skólum. Þessi teymi, sem voru að störfum í Austurríki, Danmörku, Frakklandi, Þýskalandi og Bretlandi, höfðu samþykkt starfsheimsóknir og unnu auk þess að tilteknum matsaðferðum á íhlutunartímabilinu. Ætlunin var að rannsaka ítarlega hvernig námsmat fer fram í skólum og hvernig það starf tengdist stuðningskerfi og stefnu innan tiltekinna svæða og á landsvísu.

Nánari upplýsingar um ferilsathugunarstaðina fimm, sem og það starf sem þar fór fram meðan unnið var að verkefninu, er að finna á heimasíðu verkefnisins:

<http://www.european-agency.org/site/themes/assessment/index.shtml>

Meðan á verkefnisvinnunni stóð var safnað saman ýmiss konar efni og upplýsingum sem tengjast námsmati í skólum án aðgreiningar. En hér er fjallað á almennari hátt um hlutina en í öðrum skýrslum sem gerðar voru meðan unnið var að verkefninu; aðalmarkmiðið er að kynna niðurstöður úr allri verkefnisvinnunni til að greina megi grundvallarforsendur þess að námsmat fyrir alla verði innleitt í almennum skólum.

Stuðst er við upplýsingar úr könnunum og umræðum sem fram fóru, bæði á meðan og eftir að dvalið var á ferilsathugunarstöðunum í því skyni að skilgreina þá „frumþætti“ sem styðja námsmat fyrir alla – þ.e. þau atriði sem skipta sköpum um að vel takist til við námsmat og eru ekki bundin ákveðnum aðstæðum, en voru augljós á öllum

ferilsathugunarstöðunum (á ýmsan hátt og að mismiklu leyti).

Þessu stutta skjali fylgir lengri útgáfa í tengslum við margmiðlunarkynningar og útdrætti þar sem fagfólk og stefnumótandi aðilar fjalla um reynslu sína og starf á þessu sviði, og einnig listi yfir helstu fræðirit um þau málefni sem rætt var um. Öll þessi gögn má nálgast á heimasíðu verkefnisins:

<http://www.european-agency.org/site/themes/assessment/index.shtml>

Námsmat fyrir alla í framkvæmd – tvenns konar viðhorf

Í verkefni Evrópumíðstöðvarinnar hefur námsmat fyrir alla verið skilgreint sem *matsaðferð sem beitt er í almennum skólum þar sem stefna og starf miðar að því að efla menntun allra nemenda eins og kostur er*. Með því að ganga út frá þessari skilgreiningu – og tillögum sem henni tengjast eins og greint er frá í skýrslunni um fyrsta hluta verkefnisins – við greiningu á því starfi sem fram fór á ferilsathugunarstöðunum hefur verið hægt að finna fjölda sameiginlegra þátta sem styðja innleiðingu námsmats fyrir alla. Innan þess námsumhverfis sem verkefnið tók til er um að ræða þætti sem renna frekari stöðum undir starf kennara og annarra sérfræðinga og aðila sem koma að námsmati. Þetta eru almennir þættir sem tengjast ekki endilega matsferli, tækjum og aðferðum, eða jafnvel námi og kennslu sem slíku, heldur snúa frekar að almennum námsaðstæðum og hvernig þær aðstæður geta stuðlað að því (eða öfugt) að kennari beiti námsmati fyrir alla með ýmsum aðferðum. Þessir þættir hafa verið skilgreindir sem afar mikilvægir hvað snertir námsmat fyrir alla, en segja má að þeir séu í raun skilyrði þess að vel takist til í skólum án aðgreiningar – og námsmat er meðal margra mála sem þeir móta og stýra.

Þeir þættir í námsumhverfi sem styðja námsmat fyrir alla eru af tvennum toga:

- *Grunngerð*: fyrirkomulag, stefnumótun og stuðningskerfi fyrir námsmat;
- *Sameiginlegt gildismat*: viðhorf, fagleg gildi og skoðanir sem styðja menntamenningu og starfshætti í skólum.

Í verkefnisvinnunni hefur verið hægt að skilgreina hvaða meginleikar í grunngerð menntunar annars vegar og sameiginlegu gildismati hins vegar stuðla að námsmati fyrir alla. Fjallað er um hvorn þátt fyrir sig hér, en í rannsókninni kom fram að þessir eiginleikar eru afar háðir hver öðrum.

Menntastefna sem greiðir fyrir nýjungum í starfi

Stefnan í matsmálum var mjög ólík á ferilsathugunarstöðunum fimm, allt frá kerfum sem stýrt er af lokaprófum á landsvísu þar sem gefinn er vitnisburður og matsupplýsingar um nemendur eru notaðar til að fylgjast með frammistöðu þeirra, til kerfa þar sem engum utanaðkomandi matsaðferðum er beitt, heldur fer mat fram á vegum kennara og matsupplýsingar um nemendur eru ekki notaðar til að mæla frammistöðu þeirra.

Þrátt fyrir mismunandi stefnu einstakra landa eða svæða eins og fram kom í rannsókninni var þó hægt að sjá að eftirfarandi atriði sem lúta að stefnu í matsmálum voru afar brýn og sköpuðu nauðsynlegar forsendur fyrir þeim nýjungum sem leiddu til námsmats fyrir alla:

- Þátttaka allra þeirra aðila sem koma að matsmálum í ákvarðanatöku innan sveitarfélaga;
- Sveigjanleiki hvað varðar stefnur og kerfi sem hvetja til nýjunga og breytinga á sviði matsmála;
- Virk þátttaka stefnumótandi aðila í því að greina og hrinda í framkvæmd þeim mannlegu, efnislegu og fjárhagslegu úrræðum sem fyrir hendi eru til að tryggja að teknar séu ákvarðanir og að nýbreytni eigi sér stað á sviði matsmála.

Hvarvetna var pólitískur vilji fyrir þeirri stefnu í matsmálum sem stuðlar að nýbreytni, sköpunargleði og ákveðnu frelsi fagmanna til að koma fram með nýjungar í starfi sínu, og sem dæmi um slíkan pólitískan vilja má nefna að sums staðar er leitað til frumkvöðla á sviði námsmats um stefnubreytingar í þeim málum.

Þverfaglegt stuðningskerfi

Nemendur, foreldrar og kennarar gera miklar kröfur um sérhæft starfsfólk og stuðningsþjónustu í námsmati fyrir alla. Í verkefnisvinnunni kom fram að fremur var lögð áhersla á þverfaglega starfsemi en fjölfaglega. Í þverfaglegu námsmati eru þekking og sjónarmið ýmissa sérfræðisviða samþætt til að hægt sé að fjalla heildrænt um hlutina, ólíkt fjölfaglegri nálgun þar sem sérfræðingar úr ýmsum greinum starfa hlið við hlið, en vinna ekki endilega út frá einni samþættri aðferð sem þeir hafa komið sér saman um. Þverfaglegt starf krefst samstarfs og samvinnu á öllum stigum meðal allra þeirra aðila sem koma að námsmati, en í kaflanum hér fyrir framan er í meginatriðum bent á hvernig það skuli fara fram með ákvarðanatökum innan sveitarfélaga.

Rannsókn á starfi sérfræðingateymanna á ferilsathugunarstöðunum fimm sýnir að þeir aðilar sem koma að námsmati (foreldrar, kennarar og stefnumótendur) vænta þess og vilja eindregið að þverfaglegum aðferðum sé beitt, hvornig svo sem sérfræðingateymin eru samsett. Eftirfarandi atriði hvetja til þverfaglegrar starfsemi:

- Talið er að takmörkuðu opinberu fjármagni sé vel varið með slíkum vinnubrögðum;
- Vinnuálag á sérfræðinga dreifist meira og starf þeirra með nemendum, foreldrum og kennurum verður þar af leiðandi innihaldsríkara;
- Stuðningsleiðir verða sveigjanlegri og hægt verður að mæta fleiri beiðnum og kröfum.

Þar sem fleiri koma að þverfaglegri starfsemi á sviði námsmats fyrir alla kemur einnig í ljós að breyting verður á því hvar eftirlit með stuðningi og sérfræðingavinnan fer fram. Ákvarðanir eru ekki lengur aðeins teknar í samráði við þá sem starfa innan veggja skólanna, heldur eru í auknum mæli í höndum þeirra, þar með talið almennra bekkjarkennara og foreldra og nemenda, sem eru í samvinnu við sérfræðinga sem starfa utan skólastofunnar. Slík breyting á starfsháttum krefst mikilla viðhorfsbreytinga meðal sérfræðinga á þessu sviði, sem og breytinga á starfsháttum þeirra.

Forystustarf og framtíðarsýn

Það forystustarf og sú framtíðarsýn sem greina má á hverjum ferilsathugunarstað fyrir sig skiptir miklu máli fyrir grunngerðina og sameiginlegt gildismat.

Lykilaðilar, bæði hópar og einstaklingar, sem telja að nám án aðgreiningar og námsmat fyrir alla sé það sem koma skal, þurfa að móta og setja fram stefnu sem greiðir fyrir nýjungum í starfi. Eins sjá þeir lykilaðilar sem bera ábyrgð á starfi sérfræðingateyma oft til þess að farið sé að vinna á þverfaglegan hátt. Slíkir áhrifavaldar hrinda ekki einungis af stað breytingum í daglegu starfi, heldur benda þeir einnig á þau gildi og reglur sem byggja skal stefnumótun og stuðningskerfi á.

Í verkefni Evrópumiðstöðvarinnar kom einnig fram að mikilvægt sé að skólastjórnendur og forstöðumenn stuðningsmiðstöðva taki þátt í að móta sameiginlegt gildismat varðandi nám án aðgreiningar og námsmat fyrir alla í faglegu umhverfi þar sem nýjungar og breytingar eru leyfðar. Á ferilsathugunarstöðunum var augljóst að forsvarsmenn þar:

- Höfðu persónulega framtíðarsýn varðandi námsmat fyrir alla sem

þeir síðan gerðu að sameiginlegri framtíðarsýn meðal samstarfsmanna sinna;

- Komu á skóla- eða stofnanamenningu sem stuðlaði að þátttöku nemenda og foreldra;
- Áttu ýmist frumkvæði að breyttum starfsháttum eða veittu öðru starfsfólki sem átti frumkvæði að breytingum dyggan stuðning;
- Komu á skipulagskerfi sem studdi ekki einungis við heldur krafðist teymisvinnu, samvinnu við lausn vandamála og að sömu aðferðum væri beitt í kennslu og námi;
- Tryggðu nauðsynlegan sveigjanleika varðandi úrræði af efnislegum, fjárhagslegum og tímatengdum toga svo að hægt væri að koma á nýjungum, þ.e.a.s. að þróa og prófa nýjar aðferðir í matsmálum;
- Buðu kennurum og öðrum starfsmönnum upp á ýmsa möguleika til starfsþjálfunar þar sem þeir gátu tileinkað sér aðferðir og tækjanotkun, en einnig almennar aðferðir í skólum án aðgreiningar;
- Komu upp virku samskiptakerfi sem byggðist á því að notað væri „sama tungumálið“ – einkum á sviði námsmats, en einnig almennt í námi og kennslu – sem allir skildu og notuðu, nemendur og foreldra jafnt sem sérfræðingar.

Í umræðum sem fram fóru kom fram aukin áhersla á það meðal margra forsvarsmanna að óformleg samskipti og þekking á matsmálum yrði gerð „formlegri“. Slíka vitneskju þyrfti að móta á þann hátt að hægt væri að skrá nýjungar og breytingar, miðla þeim áfram og fjalla um þær, og draga síðan lærdóm af þeim. Það er afar *mikilvægt* að setja „hið óformlega þannig í formlegan búning“ ef taka á upp nýjar aðferðir við námsmat innan einherrar stofnunar, svo sem skóla, en *skiptir sköpum* ef sérfræðingar utan viðkomandi námsumhverfis eiga að geta dregið lærdóm af slíkum nýjungum.

Þessa forsvarsmenn má vissulega kalla „umbótasinna“, einkum hvað varðar námsmat, en einnig almennt í öllu starfi þeirra; þeir litu á starfsvettvang sinn sem „menntasamfélag“ sem byggðist á sameiginlegri ákvarðanatöku og skipulagsstarfi, auk þess sem fagleg þróun fór stöðugt fram meðal allra starfsmanna.

Jákvætt viðhorf gagnvart fjölbreytni í námi

Hið sameiginlega grunngildismat sem styður námsmat fyrir alla byggir á því að fjölbreytni í námi sé til hagsbóta og að öllum viðkomandi aðilum beri að viðurkenna slíkt. Jákvætt viðhorf gagnvart því að koma til móts við ólíkar námsþarfir er ef til vill brýnasti liðurinn í menntamenningu og starfsaðferðum skólanna ef koma skal á námsmati fyrir alla. Þetta jákvæða viðhorf mátti finna í framtíðarsýn og

þróunarstarfi skólastjórnenda, og einnig í daglegu starfi kennara og annars starfsfólks.

Eftirfarandi atriði voru einkennandi fyrir það starf sem unnið var til að komast hjá hvers kyns aðgreiningu og stuðla að því að skóli fyrir alla yrði að veruleika:

- Sú skoðun að megingiltgangurinn með námsmati sé að efla nám og kennslu, en ekki að skilgreina þörf fyrir vistun eða fjárveitingu;
- Sú skoðun að nám sé í eðli sínu ferli, en byggist ekki á námsgreinum eða námsefni, og að meginmarkmiðið með námi sé að þróa færni í að tileinka sér hluti en ekki bara kunnáttu í námsgreinum.

Í teymisvinnunni sem fram fór á ferilsathugunarstöðunum kom einnig greinilega í ljós að kennsluaðferðir og tækni sem skiluðu góðum árangri meðal nemenda með sérþarfir geta einnig komið að gagni þegar um aðra hópa er að ræða (til dæmis nemendur af öðru þjóðerni eða með mismunandi félagslegan bakgrunn) og orðið til þess að styrkja þá í námi og efla félagslega þátttöku þeirra. Með því að koma til móts við ýmsar ólíkar þarfir var því í auknum mæli farið að líta svo á að slíkt kæmi öllum nemendum til góða en ekki bara tilteknum hópum.

Lært af reynslunni

Á þeim ferilsathugunarstöðum sem rannsóknin tók til var ljóst að allir kennarar og sérfræðingar lögðu sig á ýmsan hátt fram við að læra af reynslunni og drógu sig stundum í hlé til að hugleiða starf sitt og öðlast betri skilning á náms- og kennsluferlinu og draga síðan persónulegan lærdóm þar af. Líta má slíkan lærdóm sem afrakstur þess að starfa við aðstæður þar sem ætlast er til að ólíkum þörfum sé sinnt og þar sem starfið byggist á teymisvinnu og vandamálalausnum. En þó var ljóst að þungamiðjan í starfi margra kennara var sú að afla sér faglegrar þekkingar og hafa sameiginlegar reglur og gildi að leiðarljósi.

Mikilvægt er að læra af reynslunni því að þá verða til nýjar hugmyndir. Að læra af reynslunni byggist fyrst og fremst á því að finna lausnir á vandamálum sem síðan verða að gagnreyndum starfsaðferðum. Þetta ferli getur líka styrkt kennara í starfi því að þeir verða að setja sér markmið og endurskoða hlutina til að geta lagt mat á eigið framlag.

Áhugavert er að lærdómur kennara af reynslunni endurspeglar á ýmsan hátt það matsferli sem nemendur ganga í gegnum. Markmiðasetning og persónuleg íhugun og endurgjöf varðandi frammistöðu eru meginatriðin, bæði í þeim lærdómi sem kennarar

draga af reynslunni og í eigin námsmati nemenda. Einnig kom í ljós að það voru oftast þeir kennarar sem lögðu sig eftir að læra af reynslunni sem náðu bestum árangri þegar kom að því að beita námsmati og matsaðferðum fyrir alla – meðal allra nemendanna.

Skólastjórnendur lögðu sérstaka áherslu á hið mikilvæga hlutverk sem „vinsamlegir gagnrýnendur“ gegna, þ.e. utanaðkomandi aðilar eða stofnanir sem starfa með skólanum eða hópi kennara og aðstoða þá við að draga lærdóm af reynslunni. (Í raun byggðist sú aðferðafræði sem beitt var í verkefni Evrópumíðstöðvarinnar á þeirra hugmynd að sérfræðingateymin sem heimsóttu staðina væru þessir „vinsamlegu gagnrýnendur“ fyrir vinnuhópana þar.) Skólastjórnendur litu yfirleitt svo á að þátttaka utanaðkomandi aðila, sem unnu með kennurunum að því að rannsaka ýmsa þætti í starfi þeirra, væri hvati til breytinga í kennslustarfinu og breytti viðhorfum gagnvart skólum án aðgreiningar.

Niðurstöður

Rannsóknin leiðir í ljós að ekki eru til neinar einfaldar lausnir á því hvernig innleiða skal námsmat fyrir alla sem „virkar“ við allar námsaðstæður. Á hverjum ferilsathugunarstað verkefnisins voru þróaðar ólíkar aðferðir við námsmat og mismunandi var hvað mikilvægast þótti varðandi þróun skóla án aðgreiningar. Breytingarnar fóru eftir aðstæðum á hverjum stað, en þó fyrst og fremst eftir skólamenningunni (eða sameiginlegu gildismati) og þeirri menntastefnu (eða grunngerð) sem stýrði starfi vinnuhópanna.

En þrátt fyrir mismunandi aðstæður á ferilsathugunarstöðunum fimm sem teknir voru til skoðunar í verkefninu skal þó tekið fram að námsmat fyrir alla er ferli sem felur í sér nýbreytni og sveigjanleika í hugsun og verki meðal stefnumótandi aðila og fagfólks. Ekki er hægt að þróa námsmat fyrir alla nema breyting verði á hugarfari og starfsháttum.

Grunngerðin og sameiginlegu gildin eru samtvinnuð og algerlega háð hvort öðru. Grunngerð varðandi námsmat fer að mestu leyti fram utan veggja skólans þar sem stefna varðandi nám án aðgreiningar og námsmat, styrkja- og stuðningskerfi og sérhæft starfsfólk er yfirleitt skipað á lands- eða svæðisvísu, og einstakir skólar starfa innan þess ramma sem settur er.

Hið sameiginlega gildismat skólans ræður þó langmestu um það að hve miklu leyti þessari grunngerð er í raun fylgt í skólastarfinu. Með grunngerðinni kunna kennistærðir skólastarfsins að vera ákvarðaðar

en í ljós kemur að sameiginlegt gildismat skólans ákveður þó fyrst og fremst hvernig þessar kennistærðir eru túlkaðar.

Meginniðurstaða rannsóknarinnar á þeim ferilsathugunarstöðunum sem verkefnið náði til er að þótt grunngerð sem styður námsmat skipti sköpum sé sameiginlegt gildismat innan skólanna mikilvægur liður í því að vel takist til við að nýta þá „möguleika“ sem ýmis kerfi bjóða upp á.

Bæði fagfólk og stefnumótandi aðilar þurfa að vinna að því brýna verkefni að móta sameiginlegt gildismat sem nauðsynlegt er til að námsmat fyrir alla verði að veruleika. En víða í Evrópu eru mjög skýr dæmi sem læra má af og við vonum að með því að lýsa því hvernig námsmat fyrir alla fer í meginatriðum fram, þá stuðlum við að áframhaldandi umræðum innan einstakra landa og á alþjóðavettvangi.